

Garðheimar Gróðurvörur ehf.  
Stekkjarkakka 6  
109 Reykjavík

Akureyri, 9. mars 2023  
UST202203-190/H.Ö.J.  
07.07.02

### **Söluskrár 2021 fyrir notendaleyfisskyldar vörur – Málslok**

Vísað er til bréfs dags. 16. mars 2022 þar sem Umhverfisstofnun kallaði eftir skrá yfir sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum fyrir árið 2021. Stofnunin hefur nú lokið úrvinnslu á innsendum gögnum.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, þær kröfur sem gilda um markaðssetningu, kaup og móttöku notendaleyfisskyldra vara vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Af kaupendum ofangreindra vara á árinu 2021 reyndist einn viðskiptavinur ekki vera með notendaleyfi í gildi. Kom stofnunin þeirri ábendingu á framfæri í eftirlitsskýrslu að fyrirtækið uppfylli skyldur sínar skv. 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 hvað þetta varðar. Að framansögðu telst málinu lokið.

Listi yfir einstaklinga sem eru með notendaleyfi í gildi hverju sinni er birtur á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni:

<https://ust.is/atvinnulif/efni/notendaleyfi-og-abyrgdarmenn/>

Nánari upplýsingar veitir Helga Ösp Jónsdóttir, sérfræðingur Umhverfisstofnunar, í síma 591-2000.

Virðingarfyllst,

Helga Ösp Jónsdóttir,  
sérfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason  
teymisstjóri

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla